



Stykkishólmi 7. september 2016

Efni bréfs:

Gisting og veitingar vegna 60. Landsþing LH, haldið í Stykkishólmi dagana 14. og 15. október 2016

Frá hestamönnum á Snæfellsnesi til formanna og þingfulltrúa,

60. Landsþing LH nálgast óðfluga og því nauðsynlegt fyrir alla að halda vel á spöðunum varðandi allt skipulag og undirbúning. Eins og áður hefur komið fram, verður þingið haldið í Stykkishólmi en þingstörfin verða á Fosshótel í Stykkishólmi og Grunnskóla Stykkishólms sem er í 150 m fjarlægð frá hótelinu.


Þingfulltrúar verða í mat á hótelinu. Gisting þingfulltrúa verður svo aðallega á tveimur hótélum sem eru Fosshótel Stykkishólmi og Hótel Franziskus. Ef meiri þörf verður á gistingu eru margir möguleikar í stöðunni og munum við útvega öllum sem óska gistingu. Þar sem um mismunandi möguleika á gistingu er að ræða eru verðin breytileg. Hér fyrir neðan eru þó þau verð sem í gildi verða á tvö áðurnefnd hótél. Hér má líka sjá verð á mat yfir þingið og þinglokafagnað auk þeirra möguleika á þjónustu og afþreyingu sem við mælum með:

Hótel Stykkishólmur	Verð
Eins manns herbergi m/morgunverði	13.500 kr.
Tveggja manna herbergi m/morgunverði	16.500 kr. (8.250 kr. á mann)
Veitingapakki – matur og kaffi allan þingtímann	7.000 kr.
Lokahóf laugardagskvöld	7.900 kr. Skemmtun, matur og dansleikur
Hótel Franziskus	Verð
Eins manns herbergi m/baði og morgunverði	7.200 kr.
Eins manns herbergi sameiginlegu baði og morgunverði	6.900 kr.
Tveggja manna herbergi m/morgunverði	14.400 kr. (7.200 kr. á mann)
VikingSushi Ævintýrsasigling með Sæferðum www.saeferdir.is Sun 16.10. kl.11:00	7.000 kr. á mann (tilboð)

Formenn þurfa að panta bæði mat og gistingu fyrir sína fulltrúa eigi síðar en **20. september 2016**. Nafnalisti verður að fylgja pöntuninni þar sem tekið er fram röðun einstaklinganna í gistinguna. Fram að þessum tíma erum við með frátekin herbergi á hótelinu en eftir þennan tíma er ekki hægt að ganga að gistingu/umbeðinni tegund gistingar vísri.

Pantanir sendist á nadine@simnet.is fyrir tiltekinn tíma og taka skal fram nafn fulltrúa, veitingar (já – nei), tegund gistingar (eins eða tveggja manna herbergi), komu- og brottfarardaga, þinglokafagnaður, makaferð. Fulltrúi hvers félags gerir svo upp fyrir sína félagsmenn fyrir brottför á hótelinu, bæði mat og gistingu. Tekið skal fram að vitaskuld munu einhverjir fulltrúar aðeins vera í mat og ekki nýta gistimöguleikana. Þá er nóg að taka það fram og senda pöntun einungis í matinn og kaffið.

Bestu kveðjur,
F.h. Snæfellinga,


Nadine Walter